



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

25. mars 2015

Mál nr. E-3158/2014:

Stefnandi: Kaupþing hf.

*(Óskar Sigurðsson hrl.)*

Stefndi: Ágúst Guðmundsson

*(Helgi Sigurðsson hrl.)*

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 25. mars 2015, í máli nr. E-3158/2014:

Kaupþing hf.

(Óskar Sigurðsson hrl.)

gegn

Ágústi Guðmundssyni

(Helgi Sigurðsson hrl.)

Þetta mál, sem var tekið til úrskurðar, 19. febrúar 2015, um þá kröfu stefnda að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, er höfðað af Kaupþingi hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 26, Reykjavík, með stefnu birtri 22. maí 2014 á hendur Ágústi Guðmundssyni, kt. 071164-3229, til heimilis að 113, 2 Fulham Road, London SW1X 7DU, Bretlandi.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 30.798.584 kr. með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 4. júlí 2011 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 25.029.116 kr. með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. júní 2010 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til þrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 22.153.790 kr. með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. júní 2010 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að skaðlausu, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Hann krefst til vara sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess að kröfu stefnda um vísun málsins frá dómi verði hafnað.

Hann krefst þess að málskostnaður vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms.

## Málsatvik

Stefnandi var og hét Kaupþing banki hf. Sá banki sætir nú slitameðferð og heitir Kaupþing. Hinn 9. október 2008 tók Fjármálaefstirlitið yfir vald hluthafafundar

Kaupþings banka, vék félagsstjórn í heild þegar í stað frá störfum og skipaði bankanum skilanefnd í samræmi við þágildandi ákvæði 100. gr. a laga nr. 161/2002 eins og þeim hafði verið breytt með 5. gr. laga nr. 128/2008. Bankinn fékk heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 og honum var skipuð slitastjórn 25. maí 2009 í samræmi við 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið bráðabirgðaákvæðis II við þau lög.

Júlíus Jónasson var starfsmaður í einkabankajónustu Kaupþings banka hf. Hann tók að láni hjá bankanum, 29. ágúst 2007, fjárhæð í erlendum myntum sem samsvaraði 25 milljónum króna, til þess að kaupa 21.000 hluti í bankanum. Lánstími skyldi vera þrjú ár og skyldi lánið greitt upp 1. september 2010. Samhliða lánssamningum gaf Júlíus út yfirlýsingu þar sem hann setti bankanum að handveði hlutabréf sín í honum, þar með talið þau sem hann keypti fyrir lánsfjárhæðina svo og hlutabréf sín í Bakkavör Group hf. Í yfirlýsingunni var bankanum veitt heimild til að krefjast frekari trygginga vegna skuldbindingar Júlíusar við bankann ef markaðsverðmæti hinna veðsettuhlutabréfa lækkuðu.

Vegna lækkunar á verði hlutabréfa í Kaupþingi banka hf., sem og Bakkavör Group hf., nýtti Kaupþing banki hf. sér heimildina í handveðsyfirlýsingunni og krafði Júlíus frekari trygginga vegna skulda hans við bankann. Í kjölfar þessa, 25. apríl 2008, setti stefndi, Ágúst Guðmundsson, bankanum að handveði hlutdeildarskírteini sín í ríkisverðbréfasjóði KAUP GBM, samtals 1.599,3207 einingar, til tryggingar öllum skuldum Júlíusar við bankann.

Í handveðsyfirlýsingu stefnda, nr. 66240, var kveðið á um að handveðið væri sett til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum allra skulda og fjárskuldbindinga Júlíusar við bankann, sem þegar hafði stofnast til eða myndu síðar stofnast. Í samræmi við þessa yfirlýsingu tók bankinn hlutdeildarskírteini stefnda í sínar vörlur.

Kaupþing banki hf. lýsti því skriflega yfir við Júlíus, 25. september 2008, að ákveðið hefði verið að krefja hann ekki um persónulega ábyrgð hans vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi. Ábyrgð hans takmarkaðist því við þau hlutabréf sem sett höfðu verið að veði til tryggingar lánsskuldbindingum hans.

Eins og fyrr greinir tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hlutahafafundar Kaupþings banka, 9. október 2008, vék félagsstjórn í heild þegar í stað frá störfum og skipaði bankanum skilanefnd í samræmi við lög nr. 161/2002. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, 21. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings til Nýja Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf.) var tilteknum eignum Kaupþings, þar með talið fast-

eignum, lausafé, eignarhlutum í öðrum félögum og kröfuréttindum ráðstafað til Arion banka hf.

Í samræmi við þetta var lánssamningur bankans og Júlíusar Jónassonar framseldur Arion banka hf., en þá einungis með veði í hlutabréfum Júlíusar í Kaupþingi banka sem voru með öllu verðlaus eftir fall hans skömmu áður. Ekkert endurgjald kom fyrir kröfuna úr hendi Arion banka hf. Hið sama gilti um handveð stefnda, veðið fluttist sjálfkrafa í vörlur Arion banka hf. með fyrrnefndri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Stefnandi tekur fram að af áður nefndri yfirlýsingu stjórnar Kaupþings banka hf. hafi leitt að handveð stefnda samkvæmt veðsamningi nr. 66240 fíll niður, þegar ekki var lengur til nein krafa á hendur Júlíusi Jónassyni persónulega sem handveðið var sett til að tryggja skilvísar greiðslur á. Þar sem slík persónuleg krafa á Júlíus, til greiðslu skuldbindinga hans til hlutabréfakaupa, hafi ekki lengur verið til, hafi skuldbréf samkvæmt fyrrnefndum lánssamningi nr. 6001, frá 29. ágúst 2007, verið áritað uppgreitt 29. maí 2009 og í kjölfarið afhent Júlíusi. Í framhaldi af því var handveð stefnda fellt niður í kerfum Arion banka, 4. júlí 2011, og afhent stefnda sem veðsala.

Eins og áður segir skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur Kaupþingi banka slitasjórni, 25. maí 2009, á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki en áður hafði bankanum verið veitt heimild til greiðslustöðvunar.

Stefnandi bendir á að í 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálaufyrirtæki, sbr. 7. gr. laga nr. 44/2009, sé kveðið á um að sé ekki sýnt að eignir fjármálaufyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu megi krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og gildi um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti o.fl. samkvæmt lögum nr. 21/1991. Fyrir liggi að eignir stefnanda nægi ekki til að efna skuldbindingar hans að fullu. Í ljósi þessa sé stefnanda heimilt að krefjast riftunar ráðstafana Kaupþings banka hf. eftir sömu reglum og gildi um riftun ráðstafana þrotamanns í skilningi greindra laga. Frestsdagur í skilningi laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti sé 15. nóvember 2008, sbr. ákvæði III til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum um fjármálaufyrirtæki.

Þar sem stefnandi hafi talið eftirgjöf hinnar persónulegu ábyrgðar Júlíusar Jónassonar, samkvæmt áðurgreindum lánssamningi, riftanlega ráðstöfun hafi hann, 17. maí 2010, með vísan til 131. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti rift þeirri ráðstöfun. Júlíus hafi samhliða riftun verið krafinn um greiðslu á uppgreiðsluverðmæti lánssamningsins 25. september 2008, 34.978.679 kr., auk áfallinna vaxta. Í kjölfarið hafi stefnandi og Júlíus ræðst við og lántakanum verið gefinn kostur á að greiða skuld sína við stefnanda eða leggja fram viðeigandi tryggingar og semja um greiðslukjör. Þar sem samkomulag hafi ekki náðst um uppgjör hafi stefnandi, 23. júní 2010, höfðað

mál á hendur Júlfusi Jónassyni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til riftunar á þeirri ráðstöfun Kaupþings banka hf., 25. september 2008, að fella niður persónulega ábyrgð Júlúusar á greiðslu lánssamnings, dags. 29. ágúst 2007, ásamt síðari breytingum. Þess var einnig krafist að Július greiddi aðallega 34.978.679 kr. en til vara 28.317.604 kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Fjárhæð varakröfu hafi tekið mið af endurútreikningi á stöðu lánssamnings Júlúusar miðað við 25. september 2008.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 2012, í málí nr. E-6875/2010, var rift þeirri ráðstöfun Kaupþings banka hf., 25. september 2008, að fella niður persónulega ábyrgð Júlúusar Jónassonar á áðurnefndum lánssamningi hans við bankann, dagsettum 29. ágúst 2007. Júlus var enn fremur dæmdur til að greiða stefnanda 28.317.604 kr. ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. júní 2010 til greiðsludags. Dómþoli, Júlus, áfrýjaði þessari niðurstöðu en felldi málið niður áður en það var flutt fyrir Hæstarétti.

Eftir að ljóst var að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, 18. desember 2012, stæði óhaggaður gekk stefnandi að Júlfusi og krafði hann um greiðslu. Aðeins fékkst lítill hluti kröfunar greiddur, eða 2.000.000 kr. Eftir þá greiðslu var fjárhagsstaða Júlúusar þannig að hann er ógjalfær í skilningi 1. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrótalskipti o.fl. Eftirstöðvar dómkröfunar frá 18. desember 2012 eru því enn ógreiddar.

Stefnandi víesar til þess að fyrir hafi legið bindandi dómur þar sem niðurfelliingu Kaupþings banka á persónulegri ábyrgð Júlúusar Jónassonar var rift. Við það hafi stofnast krafa stefnanda, sem leiði rétt sinn frá bankanum, á hendur stefnda samkvæmt 147. gr. laga nr. 21/1991 og fari um kröfuna eftir ákvæðum 142. gr. og 143. gr. sömu laga. Stefnandi hafi ekki náð að innheimta nema lítinn hluta kröfunar á hendur Júlfusi enda sé hann ógjalfær. Stefnandi hafi því orðið fyrir tjóni vegna þess að handveðsetning stefnda féll niður. Stefnanda beri því að greiða stefnanda bætur eftir fyrirmælum 142. og 143. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi hafi beint kröfu sinni að stefnda og krafist greiðslu, með greiðsluáskorun dagsettri 7. febrúar 2014. Með tölvupósti lögmanns stefnanda, 19. febrúar 2014, hafi verið boðuð viðbrögð stefnda við greiðsluáskorun stefnanda fyrir lok febrúar 2014. Engin viðbrögð hafa hins vegar borist. Stefnanda sé því nauðugur sa einn kostur að höfða þetta mál til að innheimta kröfu sína.

Stefndi telur að til viðbótar við málavaxtalýsingu stefnanda verði að koma fram að stefnandi hafi gefið út stefnu á hendur stefnda 26. júní 2012 þar sem hann krafðist staðfestingar á riftun þeirrar ráðstöfunar Kaupþings banka, 25. september 2008, að fella niður persónulega ábyrgð lántaka Júlúusar Jónassonar á láni til hlutabréfakaupa, sem hafði það í för með sér að réttur stefnanda til að leita fullnustu fyrir

kröfum sínum í handveði stefnanda samkvæmt veðsamningi nr. 66240 féll niður. Stefnandi hafi jafnframt krafðist þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda 22.153.790 kr. með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 25. september 2008 til greiðsludags. Í stefnunni sé vísað til þess að „þegar Kaupþing banki hf. ákvað 25. september 2008 að fella niður persónulega ábyrgð Júlíusar á greiðslu ofangreinds lánssamnings“ hafi það leitt til þess að „hin veðtryggða krafa á hendur Júlíusi samkvæmt lánssamningi var ekki lengur til staðar“. Þar með „gat stefnandi ekki leitað fullnustu fyrir kröfunni í veði sem stefndi hafði lagt fram til tryggingar“. Stefnan hafi verið þingfest 13. september 2012, en málínu var hins vegar vísað frá dómi án kröfu (ex officio).

Í greinargerð stefnanda í Hæstaréttarmáli nr. 378/2013, Július Jónasson gegn Kaupþingi banka hf., sé meðal annars vísað til þess að handveðið hafi fallið „sjálf-krafa niður við yfirlýsingu stjórnar [...] þann 25. september 2008“. Jafnframt segi að það leiði „af eðli handveðsins að það getur ekki staðið óhaggað til tryggingar á skil-vísum greiðslum, þegar skuld sú sem það á að tryggja hefur verið felld niður“. Loks vísi stefnandi til þess að hann eigi val um það hvern hann krefji um greiðslu á skuld-bindingu eigi fleiri en einn aðili að standa skil á henni.

Í stefnu þessa máls sé vísað til þess að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að handveðsetning stefnanda féll niður. Upphafstími dráttarvaxta sé ekki lengur 25. september 2008, heldur 4. júlí 2011 í aðalkröfu, með vísan til þess að á þeim degi hafi veðandlagið verið fellt niður í bókhaldi Arion banka hf. og afhent stefnanda. Varakrafan sé miðuð við dagsetninguna 29. maí 2009, með vísan til þess að þá hafi skuldabréf aðalskuldarans verið áritað uppgreitt og afhent honum. Þrautavarakrafan sé miðuð við þann tíma þegar persónuleg ábyrgð á lánssamningi hafi verið felld niður, 25. september 2008, en upphafstími dráttarvaxta sé hins vegar 25. júní 2010.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir því að fallast eigi á fjárkröfur hans**

Þar sem stefndi byggir kröfu sína um frávísun meðal annars á því að kröfur stefnanda séu vanreifaðar þykir rétt að greina málsástæður hans fyrir fjárkröfunni nokkuð ítarlega.

Stefnandi byggir á því að þar sem þeirri ráðstöfun, sem felldi handveð stefnda niður, hafi verið rift beri stefnda að standa stefnanda skil á andvirði handveðsins samkvæmt 142. og 143. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Óumdeilt sé að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, 18. desember 2012, í máli nr. E-6875/2012 hafi verið rift þeirri ákvörðun Kaupþings hf., 25. september 2008, að fella niður persónulega ábyrgð Júlíusar Jónassonar á greiðslu lánssamnings nr. 6001,

sem hann undirritaði 29. ágúst 2007. Með þessu hafi verið rift þeim gjörningi að persónuleg ábyrgð Júlíusar á skuldbréfi við bankann, frá 29. ágúst 2007, hafi fallið niður 25. september 2008 sem leiddi til þess að bréfið var áritað uppgreitt 29. maí 2009, handveðsetning stefnda felld niður og veðandlagið, hlutdeildarskírteini í ríkisverðbréfasjóði KAUP GBM, afhent honum 4. júlí 2011.

Niðurfelling persónulegrar ábyrgðar Júlíusar Jónassonar, sem hafi nú verið rift, hafi verið forsenda þess að handveðsetning stefnda féll niður þegar Kaupþing hf. átti ekki lengur neina kröfu á hendur Júlíusi sem handveðið átti að tryggja skilvísar greiðslur á. Af þessu leiði að þeim gjörningum sem leiddu til niðurfellingar á handveðsetningu hafi nú verið rift.

Í ljósi framangreinds eigi stefnandi nú kröfu á hendur stefnda samkvæmt reglum 147. gr. laga nr. 21/1991, sbr. ákvæði 142. og 143. gr. laganna. Stefndi hafi hvorki orðið við áskorun um að greiða skuld sína né leggja fram tryggingu að nýju.

Stefnandi telji stefnda hafa verið nákominn Kaupþingi banka þar sem stefndi hafi um árabil verið einn aðalleikandinn í flóknum leikfléttum í íslensku viðskiptalífi, þar sem hann hafi verið umfangsmikill eigandi, stjórnandi og fjárfestir, gjarnan tengdur við félag sitt og bróður síns, Bakkavör Group. Í gegnum félagasamsteypur sínar hafi stefndi ráðið yfir nánast helmingi hluta í Exista hf., en það félag hafi verið stærsti hluthafinn í stefnanda. Exista hf. hafi átt 39,6% hlutafjár í Bakkavör auk þess sem Bakkabréður Holding B.V. hafi átt 45% í Exista hf. Því til viðbótar hafi bræðurnir Lýður Guðmundsson og stefndi setið í stjórnum þessara félaga. Exista hf. hafi verið stærsti hlutahafi í Kaupþingi banka með um fimm tungshlut og ávallt haft að minnsta kosti einn mann í stjórn bankans. Þannig hafi stefndi haft veruleg stjórnunar tengsl við bankann. Fjármálaeftirlitið hafi talið framangreinda aðila, Bakkavör Group og Exista hf., fjárhagslega tengda í skilningi 2. gr. reglna nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Í þessu ljósi verði að telja ótvírátt að stefndi sé nákominn stefnanda í skilningi 4., 5., og 6. töluliðar 3. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Stefnandi telji jafnframt að stefndi hafi aldrei getað verið í góðri trú. Með vísan til 2. mgr. 147. gr. laga nr. 21/1991 og þess sem að framan greini um tengsl stefnanda og stefnda, sé krafa stefnanda á hendur stefnda óháð grandsemi hans. Verði ekki fallist á framangreindan rökstuðning fyrir tengslum stefnda og stefnanda sé allt að einu ljóst að stefndi hafi alltaf verið grandsmum um þær aðstæður sem riftun fyrrnefndrar niðurfellingar á persónulegri ábyrgð Júlíusar Jónassonar byggðist á. Stefndandi vísar til þess sem framan greinir um náin stjórnunar- og fjárhagsleg tengsl stefnda

og Kaupþings banka. Stefnða hafi af þessum sökum hlutið að vera ljóst á hverju hin riftanlega ráðstöfun byggðist. Óveðursský hefðu hrannast upp á fjármálamörkuðum á árinu 2008. Það hafi valdið miklum erfiðleikum í rekstri bæði félaga stefnða sem og Kaupþings banka, sem stefndi var í nánum tengslum við eins og áður greini. Þessi atvik hafi leitt til þess að Kaupþing banki, sem og fyrirtæki stefnða, hafi orðið greiðsluþrota á einn eða annan hátt.

Enn fremur verði að horfa til þess að sá tími sem grandsemi stefnða miðist við sé þegar hann losnaði undan tryggingunni sem slíkri. Veðsetningin sem slík hafi fallið niður þegar handveðið var afhent stefnða sem veðsala, 4. júlí 2011. Þar sem veðsamningurinn hafi kveðið á um að veðið stæði til tryggingar skilvísnum greiðslum á öllum skuldbindingum Júlíusar Jónassonar við stefnanda, hafi það ekki verið fyrr en að stefndi fékk veðandlagið afhent sem hann losnaði undan skuldbindingu sinni.

Á þeim tíma hafi stefnða ekki getað dulist þær ástæður sem riftunarkrafan byggðist á. Félag hans Bakkavör Group hafi farið í gegnum algera endurskipulagningu, Exista hf. orðið gjaldþrota og Kaupþingi banka skipuð slitastjórn. Þá þegar hafi fallið dómar um sama sakarefni, þar sem fallist hafi verið á riftunarkröfur stefnanda. Því sé hafið yfir allan vafa að stefndi hafi verið grundsamur um þær ástæður sem riftunarkrafan byggðist á þegar hann losnaði undan skuldbindingu sinni, í skilningi 1. mgr. 147. gr. laga nr. 21/1991.

Krafa stefnanda sé um endurgreiðslu sem samsvari þeirri auðgun sem stefndi hafi notið vegna niðurfellingar veðsins. Stefnandi byggi kröfu sína um endurgreiðslu úr hendi stefnða á 142. gr. laga nr. 21/1991 eins og áður segi. Hann byggi á því að auðgun stefnða svari til verðmætis tryggingarandlagsins þegar stefndi losnaði undan skuldbindingu sinni og persónuleg ábyrgð Júlíusar Jónassonar var felld niður. Hefði ekki komið til þess hefði stefnandi átt gilt handveð til tryggingar hinni persónulegu ábyrgð Júlíusar, sem unnt væri að ganga að. Tjón stefnanda svari jafnframt til auðgunar stefnða.

Ekki þykir þörf á að tíunda þau rök sem stefndi færir fyrir fjárhæð og gjald-daga í aðal-, vara- og þrautavarakröfum sínum.

Verði ekki fallist á það sem að framan greini um endurgreiðsluskyldu stefnða, byggi stefnandi á því að hann eigi skaðabótakröfu á stefnða, sömu upphæðar og áður greinir á hendur stefnða vegna ólögmætrar og óréttmætrar auðgunar hans af niðurfelli-ingu handveðsetningarinnar. Skaðabótakrafan byggist á þeim atvikum og máls-ástæðum sem að framan sé lýst að breyttu breytanda. Óumdeilt sé að stefndi hafi notið hags af riftanlegri ráðstöfun, enda hefði handveðsetning hans annars aldrei fallið niður. Nefnd ráðstöfun hafi bæði verið saknæm og ólögmæt í skilningi skaðabóta-

réttar. Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð stefnda. Hann vísar enn fremur til ólögfesta réttarreglna um óréttmæta auðgun, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 19. júní 2003 í máli nr. 39/2003.

Stefnandi byggir á því að hann sé réttur aðili að lögum til að sækja þessa kröfu úr hendi stefnda, sbr. meðal annars 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálaþyrirtæki nr. 161/2002 og dóm Hæstaréttar, 10. maí 2012, í máli nr. 518/2011. Enda þótt lánssamningur Júlíusar hafi verið framseldur Nýja Kaupþingi banka hf. með ofangreindri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins sé ljóst að þetta mál lúti að endurheimt verðmæta sem Kaupþing banki hf. hafi gefið eftir fyrir framsal kröfuréttindanna til Arion banka hf. Stefnandi og kröfuhafar hans hafi þannig orðið fyrir verðmætamissi sem stefnandi hyggist endurheimta með þessari málshöfðun. Stefnandi byggi á því að lánssamningur Júlíusar og handveð stefnda hafi, 25. september 2008, verið eign stefnanda. Þann sama dag hafi verðmæti hans verið rýrt með því að fella hvort tveggja niður. Sú staðreynd, að kröfuréttindin, sem veðinu hafi verið ætlað að tryggja, hafi verið flutt til Nýja Kaupþings banka hf. með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, 21. október 2008, breyti ekki neinu í þessum efnum, enda hafi verðmætin þegar verið gefin eftir. Þessu til stuðnings bendir stefnandi á að lánssamningur Júlíusar og kröfuréttindi tengd þeim samningi hafi verið framseld Arion-banka hf. án þess að nokkuð hefði fengist upp í kröfuna.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 147., sbr. 142. og 143. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki með síðari breytingum. Enn fremur vísar hann til laga nr. 75/1997 um samningsveð, einkum 22. gr. laganna. Krafa hans um dráttarvexti, byggist á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Vegna virðisaukaskattar af málflutningsþóknun vísar hann til laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt. Um varnarþing vísast til 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, með síðari breytingum, þar sem segi að mál sem slitastjórn höfði á grundvelli þess ákvæðis skuli þingfest fyrir þeim héraðsdómi þar sem fjármálaþyrirtæki var tekið til slita, 3. mgr. 32. gr., 1. mgr. 35. gr., 40. gr., 41. gr., og 1. mgr. 43. gr. laga nr. 91/1991. Skaðabótakrafa hans styðst við almennar reglur skaðabóta- og gjaldþrotaréttar sem og almennar ólögfestar reglur um óréttmæta auðgun.

### **Málsástæður og lagarök stefnda fyrir því að málinu verði vísað frá dómi**

Stefndi styður þá kröfu sína að málinu verði vísað frá dómi fyrst með því að stefnandi reyni, með kröfugerð sinni, að komast fram hjá þeim málshöfðunarresti sem kveðið sé á um í riftunarreglum XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Með kröfunni reyni hann að komast út fyrir þau tímamörk sem sett séu um slíkar ráðstafanir. Í stefnu segi að málid sé höfðað á grundvelli 147. gr. laga nr. 21/1991 sbr. 142. og 143. gr. sömu laga. Samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991 hefjist málshöfðunarrestur vegna riftunarkröfu við lok kröfulýsingarfrests. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 146/2011, sé frestur fjármálfyrirtækja til að höfða riftunarmál 30 mánuðir. Kröfulýsingarfresti hafi lokið 30. desember 2009. Samkvæmt lögum hafi því borið að höfða mál eigi síðar en 30. júní 2012. Þetta mál sé hins vegar ekki höfðað fyrr en með birtingu stefnu, 22. maí 2014, tæpum 54 mánuðum eftir að kröfulýsingarfresti lauk, eða tæpum 24 mánuðum eftir að frestur til að höfða málid leið undir lok. Málshöfðunarrestur samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991 sé því liðinn fyrir löngu. Af þessum ástæðum beri að vísa málinu frá dómi, að minnsta kosti þeim hluta sem byggi á riftunarreglum gjaldþrotalaga.

Stefndi byggi frávísunarkröfuna jafnframt á því að kröfur stefnanda miði að því að ná fram sömu niðurstöðu og hefði komið út úr riftunarmáli hefðu málshöfðunarrestir ekki verið liðnir. Stefndi vísar hér til stefnu sem stefnandi hafi fyrirhugað að þingfesta 13. september 2012, þar sem byggt var á riftunarreglum gjaldþrotalaga eins og í þessu máli. Stefndi vísar til þess að riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaga séu lög-mæltar skaðabótareglur, sem gangi framar ólögfestri sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, en þeirri reglu verði aðeins beitt um tilvik sem lögfestar skaðabótareglur taki ekki til. Ákvæði um málshöfðunarresti sé óhjákvæmilegur hluti af þeim reglum sem ekki sé hægt að komast fram hjá. Þess vegna beri að vísa málinu frá dómi.

Stefndi byggi á því að riftunarreglur gjaldþrotalaga verði að sæta einhverjum skynsamlegum takmörkunum, meðal annars út frá almennu viðskiptaöryggi. Riftunarreglur gjaldþrotalaga séu hlutlægar. Í því felist að viðsemjandi eða rétthafi verði að hlíta riftun þótt gjaldþrot hafi alls ekki verið fyrirsjáanlegt þegar umrædd ráðstöfun fór fram. Stefndi sé ábyrgðaraðili á því láni sem málid sé sprottið af vegna handveðs sem hann veitti æskuvini sínum án endurgjalds. Málshöfðunarrestir gagnvart aðalskulðara séu 30 mánuðir. Með því að fallast á að kröfur stefnanda verði teknar til efnislegrar meðferðar á hendur stefnda sé í raun samþykkt að málshöfðunarrestir gagnvart ábyrgðaraðilum séu rýmri en málshöfðunarrestir á hendur aðalskulðara. Slík niðurstaða fái ekki staðist og gangi þvert gegn þeim jafnraðissjónarmiðum sem riftunarreglum sé ætlað að tryggja.

Stefndi byggi frávísunarkröfu sína á því að hann eigi ekki að þurfa að sæta því að höfðað sé riftunarmál á hendur aðalskulðara, án þess að honum sé gefinn kostur á að taka til varna í því máli. Niðurstaðan eigi síðan allt að einu að leiða til þess að hann eigi að þola endurgreiðslukröfur á grundvelli þeirrar riftunar sem honum var ekki gefið tækifæri til að eiga aðild að.

Stefndi byggi frávísunarkröfu sína á því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður, óskýr og auk þess felist í honum misräemi sem geri stefnda erfitt að taka til varna í málinu. Sem dæmi um þetta megi nefna að á einum stað í stefnu sé vísað til þess að með niðurfellingu á persónulegri ábyrgð aðalskuldarans 25. september 2008, hafi handveðsetning stefnda fallið niður. Á öðrum stað í stefnu sé hins vegar vísað til þess að „Veðsetningin sem slík fíll niður þá er handveðið var afhent stefnda sem veðsala 4. júlí 2011“. Hafi veðsetningin sem slík – hvað sem það þýði – að mati stefnanda ekki verið fallin niður fyrr en 4. júlí 2011, hafi það áhrif á þær varnir sem stefndi tefli fram í málinu, t.d. að því er varðar tjón, aðild og framsal til nýja bankans.

Stefndi byggi á því að vísa eigi frá skaðabótakröfu og kröfu um óréttmæta auðgun vegna vanreisunar. Ekki sé nein tilraun gerð til þess að lýsa því hvernig skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt varðandi skaðabótakröfuna. Ekki sé heldur reynt að rökstyðja að hvaða leyti ólögfest sjónarmið um óréttmæta auðgun gætu átt við í málinu.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda gegn kröfum stefnda um frávísun**

Stefnandi mótmælir öllum málsástæðum stefnda fyrir frávísun. Stefndi byggi kröfum sína um frávísun á þremur meginástæðum. Hann vísi fyrst til þess að málshöfðunarfrestur samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. hafi verið liðinn þegar málið var höfðað. Í annan stað byggi hann á því að til þess að ábyrgðarskuldbinding hans á grundvelli handveðsetningar geti raknað við að nýju, sbr. 147. gr. laga nr. 21/1991, hefði þurft að veita stefnda aðild að riftunarmáli sem var höfðað og dæmt á hendur skuldaránnum Júlíusi Jónassyni. Í þriðja lagi byggi stefndi á því að kröfur stefnanda séu vanreifaðar.

Stefndi hafi gefið út handveðsyfirlýsingu þar sem hann setji Kauppingi banka að handveði hlutdeildarskírteini sín í ríkisverðbréfasjóði til tryggingar skilvísum og skaðlausum greiðslum öllum skuldbindingum Júlíusar við stefnanda. Ástæða þessa hafi verið verðlækkanir á hlutabréfum sem Július átti og hafi sett bankanum að veði til tryggingar greiðslu lána og stefnandi hafi því krafist aukinna trygginga af honum.

Í september 2008 hafi Kaupping lýst yfir því að hann myndi ekki krefja Július persónulega um greiðslu þeirra lána sem honum voru veitt til að kaupa hlutabréf í bankanum. Þessum gerningi bankans hafi verið rift með bréfi slitastjórnar, 17. maí 2010, og hafi riftunin verið staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, 18. desember 2012. Ekki hafi verið fært að innheimta alla skuldina hjá Júlíusi þar sem hann hafi reynst ógreiðslufær eftir að hann hafði greitt hluta skuldarinnar.

Því leiði sjálfkrafa af 147. gr. laga nr. 21/1991 að ábyrgð stefnda samkvæmt handveðsyfirlýsingu rakni við þegar niðurfelling á persónulegri ábyrgð Júlíusar hafi verið rift, 17. maí 2010. Þar sem ekki hafi tekist að innheimta kröfu á hendur Júlíusi nema að litlu leyti, sökum ógjaldfærni, eigi stefnandi kröfu á hendur stefnda um greiðslu þess sem sé ógreitt af kröfunni á hendur Júlíusi, á grundvelli ábyrgðarskuldbindingar stefnda.

Þegar hafi átt að innheimta handveð stefnda hafi komið í ljós að það hefði verið afhent honum, 4. júní 2011. Þá leiði af ákvæðum 147. gr. laga nr. 21/1991 að stefnandi eigi þá kröfu á stefnda sem nemi andvirði veðsetningar sem hægt sé að ganga að til fullnustu kröfunnar.

Stefnandi telur málsástæðu stefnda um málshöfðunarrestinn byggða á mis-skilningi um eðli þessa máls. Þetta sé ekki riftunarmál samkvæmt lögum nr. 21/1991. Í þessu máli sé innheimt skuldbinding stefnda samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu hans. Málshöfðunarrestur 148. gr. laga nr. 21/1991 eigi við um dómsmál sem sé höfðað til að ná fram riftun. Það hafi verið gert í máli á hendur Júlíusi Jónassyni. Málshöfðunarrestur 148. gr. eigi við um það mál. Í því hafi verið fallist á riftun á niðurfellingu persónulegrar ábyrgðar hans á greiðslu þeirra lána sem hann tók hjá stefnanda til hlutabréfakaupa.

Stefnandi telur tilvísun stefnda til 148. gr. laga nr. 21/1991 ekki eiga við sakar-efni þessa máls. Í þessu máli sé ekki krafist riftunar á gerningi. Þvert á móti sé krafist greiðslu á grundvelli ábyrgðarskuldbindingar stefnda sem hafi raknað við samkvæmt 147. gr. laga nr. 21/1991, þegar rift var niðurfellingu Kaupþings banka á hinni persónulegu ábyrgð Júlíusar á greiðslu láns sem bankinn veitti honum.

Þetta dómsmál hefði aldrei verið nauðsynlegt hefði stefnda ekki ranglega verið afhent það handveð sem hann hafði sett bankanum að veði til tryggingar greiðslu láns Júlíusar.

Þar sem þetta mál sé ekki riftunarmál samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991 eigi málshöfðunarrestur samkvæmt 148. gr. laganna ekki við. Riftunin hafi þegar farið fram gagnvart aðalskulda. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar byggist ábyrgðarskuldbinding á þeirri greiðsluskyldu sem sé í réttarsambandi aðalskulda og kröfuhafa. Málsástæða sem byggist á málshöfðunarresti laga nr. 21/1991 geti ekki leitt til frávísunar málsins.

Sú málsástæða stefnda að hann hafi átt að fá að taka til varna í riftunarmáli á hendur aðalskulda, Júlíusi Jónassyni, sé haldlaus og röng. Við aðstæður sem þessar sé fyrir hendi tvenns konar réttarsamband. Annars vegar réttarsamband kröfuhafa og aðalskulda og hins vegar sjálfstætt réttarsamband ábyrgðarmanns og kröfuhafa sem

veiti ábyrgðarmanni heimild til endurkröfu á aðalskuldara, komi til greiðslu ábyrgðarmanns. Það sé eðli ábyrgðarskuldbindinga í kröfurétti að á slíka ábyrgð reyni fyrst þegar aðalskuldari standi ekki við greiðsluskyldu sína.

Aldrei hefði reynt á handveðsetningu stefnda hefði aðalskuldari, Júlús Jónasson greitt kröfuna. Það hafi því ekki verið nein réttarfarsleg nauðsyn á aðild stefnda að málínú á hendur Júlusi þar sem krafist var riftunar á niðurfellingu Kaupþings banka á greiðsluskyldu hans.

Ábyrgð stefnda ráðist af því hver afdrif skuldarinnar verði. Hann sé ekki aðili að réttarsambandi stefnanda og aðalskuldara. Þessi málsástæða stefnda sé tilhæfulaus og röng. Dómsmálið hafi varðað riftun yfirlýsingar sem var beint að Júlusi og kröfum um endurgreiðslu á hendur honum en hafi ekki varðað ábyrgð stefnda samkvæmt þeirri yfirlýsingu sem hann gaf. Stefndi hafi því ekki átt að eiga aðild að því máli.

Í þriðja lagi beri stefndi því við að ákveðnir þættir í stefnu séu vanreifaðir án þess að það sé ítarlega rökstutt í greinargerð.

Greiðsluskylda stefnda vegna handveðs sem hann veitti Kaupþingi banka vegna allra skulda Júlusr Jónassonar við bankann, hafi fallið niður þegar persónuleg ábyrgð Júlusr á greiðslu lánanna var felld niður 25. september 2008. Handveðið hafi alltaf verið fyrir hendi. Þegar niðurfellingu greiðsluskyldu Júlusr hafi verið rift hafi greiðsluskylda samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu stefnda raknað við.

Það hafi ekki verið fyrr en þegar handveðið hafi verið afhent stefnda sjálfum að handveðið hafi fallið niður. Um leið og það hafi gerst hafi stofnast krafa stefnanda á hendur stefnda eftir reglum 147. gr. laga nr. 21/1991. Tilraunum stefnda til þess að snúa út úr þessu í atvikalýsingu sé hafnað.

Vegna skaðabótakröfu stefnanda og kröfum um endurgreiðslu á grundvelli óréttmætrar auðgunar liggi fyrir að stefndi hafi haft hag af hinni riftanlegu ráðstöfun. Honum hafi verið afhent handveðið ranglega. Honum hafi verið afhent það í stað þess að handveðið rynni til stefnanda til greiðslu á skuldbindingum Júlusr Jónassonar. Auðgun stefnda liggi fyrir og sé nákvæmlega lýst í stefnu. Þar sé því jafnframt lýst hvernig stefndi hafi aldrei getað verið í góðri trú um niðurfellingu veðsins, sakir tengsla, þekkingar og stöðu sinnar.

Auðgunin hafi verið ólögmæt af því að hún skerti réttmæta eign stefnanda. Í stefnu sé tilgreint að stefnda hafi hlutið að vera ljóst á þessum tíma, þegar hann tók við veðandlaginu, gegn betri vitund um rétt stefnanda, að hann hefði bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Lýsing í stefnu á þessum atriðum sé glögg. Stefnda geti ekki dulist að skilyrði um orsakatengsl milli háttsemi hans og tjóns stefnanda sé uppfyllt svo og skilyrðið um

sennilega afleiðingu. Hefði handveðið verið til staðar, hefði stefnandi fengið greiðslu upp í kröfu sína. Flóknara sé þetta ekki.

Þær málsástæður sem stefndi færir fyrir frávísun málsins séu rangar og haldlausar og því beri að hafna þeim.

## Niðurstaða

Stefnandi, Kaupþing, krefst þess að stefndi, Ágúst Guðmundsson, greiði sér tiltekna fjárhæð. Að baki því liggja þau atvik að Július Jónasson, starfsmaður Kaupþings banka, fékk í ágúst 2007 lánað fé hjá bankanum til þess að kaupa hlutabréf í bankanum sem voru tryggð með veði bankans í bréfunum. Þegar hlutabréfin lækkuðu í verði kallaði bankinn eftir frekari tryggingum frá lántakanum. Stefndi, sem er vinur lántaka, lagði vegna þessarar kröfu bankans fram, í apríl 2008, handveð til tryggingar öllum skuldum Júlusar við bankann. Síðla í september sama ár lýsti bankinn yfir því við lántakann að persónuleg ábyrgð hans á greiðslu lánsins væri felld niður en bankinn hélt áfram veði í hlutabréfunum. Um viku síðar skipaði Fjármálaeftirlitið bankanum skilanefnd. Vegna yfirlýsingar bankans í september 2008 var lántakanum Júlusi, í lok maí 2009, afhent skuldabréfið, áritað um að það væri uppgreitt. Allnokkru síðar, í júlí 2011, var handveð stefnda fellt niður og afhent honum. Við slitameðferð Kaupþings banka var rift þeirri yfirlýsingu Kaupþings banka að Júlus væri laus undan persónulegi skyldu til þess að greiða bankanum lánið. Riftunin var síðar staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Kröfu sína á hendur stefnda byggir stefnandi á því að við riftunina hafi réttarsamband stefnanda, sem leiðir rétt sinn frá bankanum, og stefnda raknað við.

Þessa málsástæðu byggir stefnandi á 147. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi telur að vísa beri málínus frá dómi. Það beri í fyrsta lagi að gera þar sem stefnandi höfði málid of seint en hann sé bundinn af málshöfðunarfresti 148. gr. laga nr. 21/1991.

Ákvæði 147. gr. laga nr. 21/1991 hljóðar svo:

Ef þriðji maður hefur sett tryggingu eða gengið í ábyrgð fyrir skuldum protamanns en losnað frá skuldbindingu sinni vegna riftanlegrar greiðslu eða fullnustugerðar á protabúið kröfu á þriðja mann eftir reglunum í 142. og 143. gr., sbr. 145. gr., ef þriðji maður vissi eða mátti vita um aðstæðurnar sem riftunarkrafa byggist á þegar hann losnaði frá skuldbindingu sinni. Protabúið getur krafist veðtryggingar á ný ef unnt er að setja hana.

Dómurinn fær ekki séð hvernig þetta lagaákvæði getur átt við þær aðstæður sem þetta mál er sprottið af. Protamaður í þessu málí er stefnandi, Kaupþing hf., sem er fyrrum Kaupþing banki í slitameðferð. Lagaákvæðið á við um þær aðstæður þegar

priðji maður losnar undan skuldbindingu sem hann hafði gengist undir vegna skuldar þrotamannsins. Þar sem þess er hvergi getið og ekki byggt á því að stefndi hafi sett tryggingu fyrir skuldum Kaupþings banka verður ekki séð að ákvæðið geti átt við um atvik þessa máls.

Stefnandi byggir á því að réttarsamband stefnda og stefnanda hafi raknað við þegar rift var þeirri yfirlýsingu Kaupþings banka að Július Jónasson væri laus undan persónulegri greiðsluskyldu sinni á því láni sem hann hafði tekið hjá bankanum. Þar sem því hefur verið hafnað að stefnandi geti byggt endurgreiðslukröfu á hendur stefnda vegna þeirra atvika á 147. gr. laga nr. 21/1991 þarf ekki að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnda að málshöfðunarfrestur laganna hafi verið liðinn.

Stefnandi byggir næst á því að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna þessara atvika.

Fallist er á það með stefnda að stefnandi hafi ekki reifað þennan grundvöll málsins nægjanlega en ekki er gerð nein grein fyrir því hverjar eru þær saknæmu og ólögmætu athafnir stefnda sem hafa valdið stefnanda því tjóni sem þetta mál er sprottið af.

Jafnframt er málsástæða stefnanda um óréttmæta auðgun stefnda verulega vanreifuð þótt á henni virðist byggt.

Þar sem dómurinn hefur hafnað því að stefnandi geti byggt kröfu sína á hendur stefnda í þessu máli á 147. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og telur vanreifaðan þann grundvöll málsins að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni á saknæman og ólögmætan hátt svo og málsástæðu hans um óréttmæta auðgun verður að vísa þessu máli frá domi.

Með vísan til þessarar niðurstöðu og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað sem þykir, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðinn 450.000 krónur.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan úrskurð.

#### ÚRSKURÐARORÐ:

Þessu máli stefnanda, Kaupþings hf., á hendur stefnda, Ágústi Guðmundssyni, er vísað frá domi.

Stefnandi greiði stefnda 450.000 krónur í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir,  
Héraðsdómi Reykjavíkur 25. mars 2015

